

## Viðauki

51

25. marz

við reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum 26. marz 1897.

### 1. gr.

Hvern hund í sýslunni skal auðkenna hálsbandi með merki á, er sýni glögglega, hver eigandi hundsins er. Nú kemur flækingshundur fram ómerktur, sem ekki finnst eigandi að, og er þá þeim, er hundurinn kemur fyrir hjá, skylt að annast um hann, og gjöra þegar í stað gangskör að því, að finna eiganda hans. En ef eigandi hundsins hefir ekki gefið sig fram að 7 dögum liðnum, og hefir ekki borgað áfallinn kostnað, er hundurinn rjettdræpur.

### 2. gr.

Auðkennið skal sett á hundana í víðurvíst umsjónarmanna hundalækninganna, þegar lækning fer fram haustið 1901, verði það ekki búíð fyrir.

Framanritaðan viðauka við reglugjörð um lækning hunda af bandormum hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið og samþykkt á aðalfundi sínum 11.—15. þ. m. og birtist hún hjermeð öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 25. marz 1901.

*Kl. Jónsson.*

## Reikningur

52

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1900.

### Tekjur:

I. Sjóður við árslok 1899:			
A. Veðskuidabrjef . . . . .	kr. 228473	00	
B. Lán til prestakalla . . . . .	—	6440	00
C. Skuldabrjef Reykjavíkur . . . . .	—	600	00
D. Vextir fyrir 1899 ógreiddir . . . . .	—	432	84
E. Innstæða í landsbankanum . . . . .	—	1259	09
F. Í sjóði hjá fjehirði . . . . .	—	562	90
			<b>kr. 237767 83</b>
II. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
A. Innlög á árinu . . . . .	kr. 13579	28	
B. Vextir fyrir 1900 lagðir við höfuðstól . . . . .	—	6276	47
			<b>— 19855 75</b>
III. Vextir af útlánnum 1900 . . . . .	—	11299	69
IV. Borgun fyrir viðskiptabækur . . . . .	—	13	00
V. Vextir fyrir 1900, er bíða útborgunar . . . . .	—	3080	91
VI. Höfuðstóll, er bíður útborgunar . . . . .	—	31	69
VII. Innborguð lán . . . . .	—	6009	14
VIII. Móti gjaldlið V. . . . .	—	21350	00
			<b>Samtals kr. 299408 01</b>